

79. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 27. jan. 2011 kl. 16 - 17 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Mætt: Hildur Gestsdóttir, Ragna Karlsdóttir, Lárus Valgarðsson, Ásdís Ólafsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Sigríður Baldursdóttir var erlendis.

Aðalfundur

Ákveðið að halda aðalfund fimmtudaginn 24. mars kl.16:30. Ragna ætlar að kanna hvort við getum fengið fundarsalinn í húnæði ISOR að láni. Hún ætlar auk þess að athuga með fundarstjóra og ritara fyrir fundinn, þá sömu og undanfarin ár. Einnig ætlar hún að tala við mögulegan nýjan endurskoðanda með Maríu. Ingibjörg ætlar að skrifa skýrslu stjórnar sem byggir annars vegar á almennri greinargerð um starfsemi Alnæmisbarna og hins vegar á sértækri greinargerð um þá starfsemi sem komst á legg vegna styrkveitingar Auðar Kapital. Hildur ætlar að sjá um að gera grein fyrir bókhaldinu.

Stjórn

Þrjú ganga úr stjórn að þessu sinni þau Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Ásdís Ólafsdóttir og Lárus Valgarðsson. Sigríður er búin að finna eina sem er að öllum líkindum til í að gefa kost á sér, Lárus ætlar að tala við mann sem hann þekkir og Hildur við eina konu. Allir eru samt beðnir um að láta sér detta einhvern í hug kæmu þessir ekki til greina.

Fjármál

Fjárhagsstaðan er sú að Alnæmisbörn á kr. 380.000,- inn á rekstrarreikningi og kr. 492.340,- styrkur frá Auði Kapital er inn á sérstökum reikningi.

ISOR hefur samþykkt að styrkja Alnæmisbörn með kr. 200.000,- í jólakortastyrk. Um kr. 47.000,- er að meðaltali greitt í ársgjöld og styrktargjöld í hverjum mánuði. Alnæmisbörn hefur því nægt fjármagn til að greiða skuldbindingar sínar til CLF á þessu ári. Hildur ætlar að kanna hvað það kostar að gefa fólki færi á að greiða ársgjöld félagsins reglulega í gegnum heimabanka sína. Þeir sem greiða ársgjöld til félagsins eru um 28 talsins.

Skólastyrkir

Nýlega greiddi Alnæmisbörn kr. 298.000,- (UGS 5.665.250) til CLF fyrir fyrstu önn skólans. Þá á eftir að greiða um kr. 260.000,- í tvö skipti í viðbót á þessu ári eða samanlagt kr. 520.000,-.

Smálán

Rosette hefur upplýst að 14 stúlkur hafa fengið lán úr smálánasjóðnum vegna styrksins frá Auði Kapital. Sendar hafa verið myndir af 13 þeirra.

Með kveðju,
Sigurlaug Hauksdóttir
ritari stjórnar